

Fundargerð 9. fundur stjórnar

Dagsetning: 23. mars 2026

Staður: Teams

Mætt: Auður Alfa Ólafsdóttir, Breki Karlsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Salka Sól Styrmisdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Virpi Jokinen og Þórarinn Stefánsson, Flóki Guðmundsson.

Fjarverandi: Sigurður Másson, Pálmey Helga Gísladóttir, Benjamín Julian, Margrét Dóra Ragnarsdóttir.

Gestur: Brynhildur Pétursdóttir

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Spurningar Heimildarinnar um afstöðu samtakanna til ESB
3. Önnur mál
4. Fundargerð lesin upp til samþykktar
5. Fundarslit

1. Setning Fundar

- Formaður setti fund kl. 16: 20
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri og Auður Alfa Ólafsdóttir fundarritari

2. Spurningar Heimildarinnar um afstöðu samtakanna varðandi ESB aðild

- Formanni NS bárust spurningar frá Heimildinni um afstöðu samtakanna varðandi ESB aðild en fyrir fundinum lá tillaga að svari.
- Formaður fór yfir drög að svari til Heimildarinnar.
- Umræða meðal stjórnarmanna um afstöðu Neytendasamtakanna varðandi Evrópusambandsaðild og um þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB út frá stefnu NS, hagsmunum neytenda og sjónarmiðum um lýðræðislega ákvarðanatöku og opna, gagnsæja samfélagslega umræðu.
- Fundarstjóri bar fram tillögu um að formanni yrði falið að svara spurningum í samræmi við drögin sem lágu fyrir fundinum og umræðu fundarins og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Önnur mál

- ÞS vakti athygli á þeim jákvæðu fréttum að Atvinnuvegaráðuneytið hefði ákveðið að veita Samkeppniseftirlitinu 30 milljón króna viðbótarframlag til að efla samkeppniseftirlit á dagvörumarkaði. Stjórnarmenn sammála að því beri að fagna enda skipti virk samkeppni verulegu máli í baráttunni við verðbólgu. Tilvalið sé að NS veki athygli á því með einum eða öðrum hætti.

4. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

5. Fundarslit

- Fundarslit kl. 16:40.